

**Ed.**

**286. Frumvarp**

til laga um friðun hjera.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stjórnarráð Íslands getur ákveðið, að hjerar skuli friðaðir vera, nokkurn hluta árs eða alt árið.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum þeim, er sett verða samkvæmt 1. gr., varða 20 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem drepíð er eða veitt; rennur helmingur sektarinnar í sjóð þeirrar sveitar, þar sem brotið var framið, en hinn helmingurinn til uppljóstrarmanns.

Með mál út af brotum á friðunarákvæðunum skal farið sem opinber lög-reglumál.